



Deiliskipulagsuppráttur 1:1000

### Forsendur

Deiliskipulag þetta tekur til íbúðarsvæða og verslunar- og þjónustusvæðis.

Markmið tillögunnar er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.

### Samræmi við aðrar áætlanir

Tillagan er í samræmi við auglýsta breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028, þar sem lóð fyrir þjónustustofnanir er breytt í verslun og þjónustu.

### Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 19.460 m<sup>2</sup> að stærð. Aðliggjandi að svæðinu er opin svæði til vesturs og norðurs og íbúðarbyggð til austurs.

Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir 4 parhúsum með 8 íbúðum og 13 einbýlishúsum. Jafnframt eru þar 2 atvinnuhúsaloðir.

Aðkoma að skipulagssvæðinu eru um Suðurvíkurveg.

### Stefnumörkun

Íbúðarsvæði skal falla að byggðamynstri sem fyrir er í Vík. Lóðir eru í halla og bjóða upp á útsýni. Skilmálar fyrir byggðina taka mið af þessu.

Tryggja skal aðgengi að atvinnulóðum og næg bílastæði.

### Skilmálar

#### Íbúðarlóðir

Allar íbúðarlóðir við Suðurvíkurveg eru fullbyggðar og gerir deiliskipulagið ekki ráð fyrir breytingum frá núverandi ástandi.

Nýtingarhlutfall lóða við Myluland verður leyft á bilinu 0,35-0,4 eftir stærð lóða. Mænishæð verður 4,5m eða 7,2m frá götuhlið séð eftir staðsetningu og landhalla. Landhali er nýttur svo að aðkoma er um neðri hæð húsanna ofan vegar en um efri hæð húsanna neðan vegar. Þakhalli er leyfður 0°-8° á móti landhalla neðan vegar en með landhalla ofan vegar.

Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á hverri lóð.

#### Atvinnuhúsnæði


Nýtingarhlutfall atvinnulóða er allt að 0,4.

Gert er ráð fyrir 12 bílastæðum við Suðurvíkurveg 1 og 6 bílastæðum við Suðurvíkurveg 3.

### Málsmeðferð

Tillaga á vinnlustigi hefur verið kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu. Tillagan var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins og á bæjarskrifstofum. Engar athugasemdir bárust vegna vinnslutillögunnar.

Tillaga að deiliskipulagi er auglýst formlega í kjölfar umfjöllunar og samþykktar sveitarstjórnar 20.6.2013 og athugasemdafrestur verður í 6 vikur frá auglýsingadegi. Samhliða auglýsingu deiliskipulagstillögu þessarar er auglýst breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.




Þéttbýlisuppráttur, afmörkun breytingasvæðis  
Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012-2028 - Þéttbýlisuppráttur

Mýrdalshreppur



### SKÝRINGAR:

- 610m<sup>2</sup> Áætluð stærð lóðar, m<sup>2</sup>
- Nh=0.2 Hámarks nýtingarhlutfall lóðar
- 10P Fjöldi bílastæða á lóð
- p=6.0 Hámarks mænishæð frá götu séð
- Lóðamörk
- Hámarksliða byggingarreits
- Skipulagssvæði
- Aðkoma
- Götur
- Byggingar
- Hæðarlínur



**VSÓ RÁÐGJÖF**

BORGARTÚNI 20, 105 REYKJAVÍK,  
S: 5859000, Fax: 5859010  
www.vso.is, vso@vso.is

001

SKIPULAG: SVB/HJA  
YFIRFARID: SGT  
KVARDI: 1:1.000 [A3]  
DAGS.: 06.05.2013  
BREYTT:...

UNNIÐ FYRIR:  
**MÝRDALSHREPP**